

Greinargerð með fjárhagsáætlun 2023-2026



Mýrdalshreppur

Fjárhagsáætlun 2023-2026. Greinargerð.
Sveitarstjórn Mýrdalshrepps
Seinni umræða, 14. desember 2022



Efnisyfirlit

Inngangur	2
Forsendur áætlunar 2023-2026	3
Málaflokkar, stofnanir og fyrirtæki.	5
Félagsmál	6
Fræðslu og uppeldismál	7
Menningarmál	7
Æskulýðs og íþróttamál	7
Brunamál og almannavarnir	8
Hreinlætismál	8
Bygginga og skipulagsmál	9
Umferðar og samgöngumál	9
Umhverfismál	9
Atvinnumál	9
Sameiginlegur kostnaður	9
Eignasjóður	10
Framkvæmdaáætlun 2023	10
Gatnagerð	10
Lýsing	10
Viðhaldsverkefni	11
Vatns- og fráveita	11
Gangstéttar og göngustígar	11
Nýframkvæmdir og fjárfestingar	12



Inngangur

Mýrdalshreppur bjó við viðvarandi óvissu um fjárhag sveitarfélagsins eftir að heimsfaraldur kórónaveiru breiddist út. Óþarfi er að fjölyrða um áhrif faraldursins á atvinnulíf í sveitarfélaginu sem lagðist nær al-farið í dvala svo mánuðum skipti árin 2020-2021. Viðspyrna ferðapjónustu eftir að samkomutakmörkunum var aflétt hefur verið mjög ör. Fjöldi ferðamanna hefur sótt Ísland heim og ferðapjónusta í sveitarfélaginu blómstrað á árinu 2022. Aukin umsvif skila auknum tekjum í formi útsvars til sveitarfélagsins og því er fjárhagsstaða þess í lok árs 2022 mjög góð.

Fyrirhugaðar eru umfangsmiklar framkvæmdir og fjárfestingar í fjárhagsáætlun 2023-2026. Stærstu verkefni eru:

2023

- Nýr leikskóli
- Ný líkamsrækt
- Útsýnispallur í Reynisfjalli
- Gatna-, gangstétta- og stígagerð
- Viðgerð á ytra byrði Leikskála
- Ný varmadæla fyrir sundlaug

2024

- Ný slökkvistöð og áhaldahús
- Frágangur leikskóla

2025

- Nýtt hjúkrunarheimili
- Fjárfesting í fráveitulausnum

2026

- Viðbygging við Víkurskóla

Fyrirhuguð er stefnumótunarvinna í umhverfismálum hjá sveitarfélaginu árið 2023. Niðurstaða þeirrar vinnu kann að kalla á fjárfestingar í innviðum vegna breytinga á fyrirkomulagi sorphirðu. Forsendur til að meta umfang þeirrar fjárfestingar liggja ekki fyrir fyrir að undangenginni stefnumótun.

Fjárhagsleg staða Mýrdalshrepps er góð og sveitarfélagið í góðri stöðu til að ráðast í innviðafjárfestingar. Mikilvægt er þó að horft verði til þess við áætlanagerð til lengri tíma að þjónustubýngd íbúa í sveitarfélaginu kann að aukast mjög miðað við það sem nú er eftir því sem börnum fjölgar í skóla og þjónustustig hækkar. Launakostnaður og annar rekstrarkostnaður við að halda úti þjónustu getur þannig hækkað mjög og dregið úr svigrúmi til fjárfestingar.

Helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar 2023:

- Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta er jákvæð um 162,8 m.kr.
- Skuldahlutfall verður 90,4% í lok árs 2023



- Veltufé frá rekstri verður 243,7 milljónir (23,3%)
- Áætlaðar fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum nema 723 m.kr.
- Útsvarsprósenta er óbreytt frá því sem verið hefur, 14,48%
- Álagning fasteignagjalda breytist þannig að álagning í A-flokki (íbúðarhúsnæði) lækkar úr 0,39% í 0,33%. Álagning í B- og C-flokki er óbreytt
- Almennt var miðað við 5,5% hækkun á öðrum gjaldskráum í A-hluta

Heildartekjur ársins 2023 eru áætlaðar 1.062 m.kr. og heildargjöld 788 m.kr. Fjármagnskostnaður er áætlaður 46,6 m.kr. og handbært fé í árslok 84,6 m.kr.

Þrátt fyrir að heimsfaraldur kórónaveiru hafi lamað að miklu leyti þjónustu á almennum markaði þá tókst að halda úti mest allri þjónustu sveitarfélagsins nær óslitið. Sérstaklega ber að þakka það góða starf sem starfsfólk skóla og hjúkrunarheimils gat haldið uppi og varið þannig viðkvæma hópa. Mýrdalshreppur býr að öflugum mannauði sem sýnt hefur tryggð við sinn vinnustað á krefjandi tímum og mikilvægt er að horft verði til þess að tækifæri verði til starfsþróunar um leið og leitað verði leiða til þess að laða til starfa hæft starfsfólk í nýjar stöður.

Íbúum Mýrdalshrepps hefur fjölgað ört síðastliðin tíu ár með tilheyrandi þrýstingi á íbúðamarkað og þróunin hefur gjörbreytt fjárhag sveitarfélagsins. Það er stefna sveitarstjórnar að búa þannig um innviða-fjárfestingar að áframhald verði á fjölgun nýrra íbúa og að sveitarfélagið haldi áfram að eflast. Til að svo megi verða er mikilvægt að huga sérstaklega að framboði þjónustulóða svo ný atvinnutækifæri geti laðað að fleiri íbúa. Fjárhagsáætlun 2023 gerir ráð fyrir deiliskipulagningu nýrra svæða, t.d. við Sléttuveg fyrir þjónustulóðir og austan Sléttuvegar fyrir ný íbúðahverfi og þjónustulóðir.

Mýrdalshreppur er fjölmeningarsamfélag með hæsta hlutfall erlendra íbúa sem þekkt á Íslandi. Í þeirri viðleitni að efla samfélagslega þátttöku allra íbúa sveitarfélagsins hefur verið komið á fót enskumælandi ráði. Tilgangurinn er að veita erlendum íbúum sem ekki hafa íslensku að móðurmáli tækifæri til þess að hafa áhrif á nærsamfélag sitt með formlegum hætti. Stjórnkerfi sveitarfélagsins tók talsverðum breytingum í kjölfar kosninga vorið 2022 þegar nefndir sem starfandi höfðu verið voru aflagðar og sameinaðar í tvær stærri nefndir með víðara starfssvið; Skipulags- og umhverfisráð og Fjölskyldu-, frístunda- og menningarráð. Ætlunin er að koma í veg fyrir að ákveðnir málaflokkar verði munaðarlausir innan stjórn-sýslunnar vegna óvirks nefndastarfs.



Ef vel tekst til í skipulögðu átaki um uppbyggingu innviða sem tryggja góða þjónustu við íbúa og laða að fleiri nýja, er það skoðun undirritaðs að Mýrdalshreppur muni áfram vaxa og verða eftirsóttur staður fyrir ferðamenn að heimsækja og fólk almennt til að festa hér rætur. Fjárhagsáætlun sem hér er lögð fram endurspeglar svo ekki verður um villst að stefnt er að framangreindu með markvissum og ábyrgum hætti.

14. desember 2022

Einar Freyr Elínarson, sveitarstjóri Mýrdalshrepps



Forsendur áætlunar 2023-2026

Lagavísanir og skilgreiningar

Fjárhagsáætlun Mýrdalshrepps fyrir árið 2023 og þriggja ára áætlun fyrir árin 2024–2026 er sett fram í samræmi við 62. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 fyrir A-hluta og samantekinn reikning fyrir A- og B-hluta. A-hluti samanstendur af aðalsjóði og eignasjóði. Í aðalsjóði er rekstur málaflokka og þjónusta við íbúa bæjarins sem er fjármögnuð með skatttekjum og þjónustugjöldum. Í eignasjóði er haldið utan um rekstur, viðhald og stofnframkvæmdir fasteigna og gatna. Í áætlun A-hluta eru milli-viðskipti vegna innri leigu, fasteignaskatta og afnota af íþróttamannvirkjum jöfnuð út á milli stofnana. Til B-hluta teljast fjárhagslega sjálfstæðar rekstrareiningar sem eru í eigu bæjarins og eru fjármagnaðar með þjónustutekjum.

Skatttekjur

Skattlagningu sveitarfélaga er settur rammi í lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum. Skatttekjur skiptast í útsvar og fasteignaskatt. Aðrar tekjur með skattaígildi eru lóðaleiga.

Útsvar

Útsvarshlutfall er óbreytt og verður á árinu 2023, 14,48%. Áætlað er að útsvarstekjur vegna 2022 nemi um 567 m.kr. Áætlun útsvarstekna er byggð á útreikningum Sambands Íslenskra sveitarfélaga.

Framlög úr Jöfnunarsjóði

Mýrdalshreppur fær framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna grunnskóla, skólaaksturs, tónlistar-kennslu, nýbúafræðslu og þjónustu við fatlað fólk. Áætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga liggur að stærstum hluta til fyrir. Ger ert ráð fyrir að fjárhæð framlaga nemi alls tæpum 196 m.kr. sem er lækkun frá síðasta ári.

Fasteignagjöld

Stofn til útreiknings fasteignagjalda íbúðarhúsnæðis á árinu 2023 miðast við fasteignamat eigna sem gefið var út í júní 2022. Endurmat ársins, matsbreytingar og nýjar eignir leiða til þess að matsstofn Mýrdalshrepps verður samkvæmt eftirfarandi töflu.

Flokkur	Skýring	Álagningarhlutfall	Heildarfjárhæð
A	Almennt	0.33%	40,788,633
B	Opinbert húsnæði	1.32%	5,155,920
C	Atvinnuhúsnæði	1.65%	75,351,841
Samtals			121,296,394

Tekjur af fasteignaskatt, sundurliðaðar eftir flokkum.



Aflsáttur af fasteignagjöldum

Reglur um niðurfellingu fasteignagjalda til elli- og örorkulífeyrisþega er vegna íbúðarhúsnæðis þeirra til eigin nota og fyrir þá sem eiga lögheimili í Mýrdalshreppi. Niðurfellingin er tekjutengd og tekur einungis til fasteignaskatts. Afsláttur í fjárhagsáætlun 2023 er áætlaður 4.8 m. kr. Sú fjárhæð miðast við árstekjur (heildartekjur) 2021, sbr. álagningu skattstjóra og gilda fyrir lækkun fasteignaskatts 2023. Fjárhæðirnar skulu framreiknaðar árlega með tilliti til breytinga á launavísitölu frá upphafi til loka þess tekjuárs sem miðað er við hverju sinni.

Aðrar tekjur

Í frumvarpi að fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir almennri 5,% hækkun gjaldskráa fyrir árið 2023 mála-flokkum:

- Leikskóli.
- Tónskóli.
- Dægradvöl í grunnskóla.
- Mötuneyti leik- og grunnskóla.
- Sorphirða og förgun.

Gjaldskrá hunda- og kattahalds tekur vísitölubreytingum skv. fyrri samþykkt.

Laun og launatengd gjöld

Launakostnaður er áætlaður út frá núverandi stöðugildum og starfsmönnum og miðar að hækkun um 5,2%. Kjarasamningar margra opinberra starfsmanna eru lausir á árinu 2023 og því kann launakostnaður að taka nokkrum breytingum. Í því ljósi eru settar fram hóflegar hækkanir en svigrúm til staðar í áætlun til að bregðast við.

Lögð verður áhersla á virkt eftirlit og eftirfylgni með launakostnaði, fjölda stöðugilda og viðveru en með réttum verkfærum verður sú vinna árangursríkari. Í júní 2021 voru samþykktar í sveitarstjórn nýjar reglur um viðveru og starfsendurhæfingu vegna veikinda eða slysa starfsfólks. Markmiðið með viðverustefnu er að styðja við og hlúa að starfsmönnum vegna fjarveru frá vinnu vegna veikinda, slysa eða áfalla um lengri eða skemmri tíma og draga úr þannig úr veikinda fjarvistum með markvissum aðgerðum. Viðveru-stefnan hefur þann tilgang að samræma vinnuferla vegna fjarveru og auka velferð starfsmanna.



Meðalfjöldi stöðugilda og starfsmanna eftir árum.

Fjöldi starfsmanna og stöðugilda								
	2019		2020		2021		2022	
	Stöðugildi	Starfsmenn	Stöðugildi	Starfsmenn	Stöðugildi	Starfsmenn	Stöðugildi	Starfsmenn
Heimþjónusta	0.5	1	0.6	1	0.3	1	0.35	1
Leikskóli	8.7	11.9	7.9	10.5	7.6	10.9	9.3	10.3
Grunnskóli	12.7	17	13.5	17.8	12.9	18.5	13.93	18.5
Tónskóli	1.7	3.2	1.7	2.7	1.2	3	1.6	3.9
Héraðsbókasafn	0.2	0.8	0.2	1	0.2	1	0.2	0.7
Leikskálar	0.2	1	0.3	1	0.3	1	0.3	1.1
Félagsmiðstöð	0.3	1	0.3	1	0.4	1	0.3	0.8
Íþróttamiðstöð	3.4	5.8	4.4	6	3.8	5	4.8	7.1
Slökkvilið	0.5	2	0.5	2	0.5	2	0.5	2
Byggingarfulltrúi	2	2	1	1	1.1	1.4	1.7	1.8
Ráðhús	4.3	4.8	3.6	4	3.1	4.1	4.5	4.8
Áhaldahús	3.1	3.3	4	4	3.5	4.5	3.6	3.8
SAMTALS	37.6	53.8	38	52	34.9	53.4	41.08	55.8

Málaflokkar, stofnanir og fyrirtæki.


Áætlað er að heildartekjur fyrir A- og B-hluta á árinu 2023 verði 1.062 m.kr. og að áætluð rekstrargjöld fyrir fjármagnsliði verði 782 m.kr. Jákvæð rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði er áætluð um 211 m.kr. Fjármagnsliðir eru áætlaðir neikvæðir sem nemur tæplega 43,9 m.kr., þannig að áætluð rekstrarniðurstaða ársins 2023 er jákvæð um 167 m.kr.

Heildareignir samstæðunnar eru áætlaðar um 2.333 m.kr. í árslok 2023. Skuldir og skuldbindingar eru áætlaðar um 908 m.kr.

Veltufé frá rekstri er sá mælikvarði sem oft er litið til þegar meta skal getu sveitarfélaga til að standa við skuldbindingar sínar utan rekstrar. Mælikvarðinn gefur meðal annars vísbendingu um hversu mikið er til ráðstöfunar frá rekstri til fjárfestinga og til að greiða skuldir. Á árinu 2023 er gert ráð fyrir að veltufé frá rekstri verði um 251 m.kr., sem er um 24,8 % af heildartekjum.



Hlutfall málaflokka af heildarútgjöldum



Félagsmál

Mýrdalshreppur, Ásahreppur, Rangárþing ytra, Rangárþing eystra og Skaftárhreppur reka byggðasamlag um málefni fatlaðs fólks, Bergrisinn b.s.

Aðildarsveitarfélögin fela byggðasamlaginu skipulag og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk sem á lögheimili í aðildarsveitarfélögunum í samræmi við lög nr. 59/19992 um málefni fatlaðs fólks, með síðari breytingum. Enn vantar töluvert uppá að það fjármagn sem sett er til þessa verkefnis á Suðurlandi í gegnum jöfnunarsjóðinn, dugi til að standa undir þjónustunni. Gert er ráð fyrir að borga til Bergrisans 22 m.kr. árið 2023.

Mýrdalshreppur, Ásahreppur, Rangárþing ytra, Rangárþing eystra og Skaftárhreppur standa saman að byggðasamlagi um félags- og skólaþjónustu. Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2023 er gert ráð fyrir 28,6 m.kr. framlagi Mýrdalshrepps til byggðasamlagsins.

Rekstur hjúkrunarheimila er á ábyrgð ríkisins en greiðslu til rekstursins undanfarin ár hafa ekki verið í neinum tengslum við kostnaðinn, jafnvel stóru heimilin hafa ekki getað látið enda ná saman. Nokkur breyting varð þó á rekstrinum með nýjum samningum sem bæta stöðu minni hjúkrunarheimila. Rekstur



Hjallatúns skilaði afgangi árið 2021 og það sem af er ári 2022 hefur sveitarfélagið ekki þurft að leggja rekstrinum til styrk. Ekki er gert ráð fyrir styrk á árinu 2023.

Heilbrigðisráðherra skrifaði árið 2021 undir viljayfirlýsingu um að hefjast handa við byggingu nýs hjúkrunarheimilis í Vík 2023 sem á að vera lokið 2025.

Annar kostnaður sem fellur undir þennan málflokk er: fjárhagsaðstoð, húsaleigubætur, heimaþjónusta, tómstundastarf aldraðra o.fl. Samtals er gert ráð fyrir að leggja 56,3 m. kr. í þennan málaflokk.

Fræðslu og uppeldismál

Gert er ráð fyrir að tæplega helmingur allra útgjalda fari til fræðslu og uppeldismála, samtals um 360 m. kr. Þar af eru 265 m.kr. í laun og launatengd gjöld og 95 m.kr. í annan rekstrarkostnað. Tekjur eru alls áætlaðar 22,4 m.kr. Mikil fjölgun fæðinga hefur verið í sveitarfélaginu á sl. tveimur árum sem skilar sér í umtalsvert aukinni aðsókn að leikskólanum. Gert er ráð fyrir að byggingu nýs leikskóla hefjist á árinu 2023. Í framhaldinu mun leikskólinn flytja úr núverandi húsnæði sem er hluti grunnskólans og stefnt að endurskipulagningu núverandi húsnæðis árið 2024.

Menningarmál

Til menningarmála er gert ráð fyrir að verja 32,8 m. kr. Þar af eru 5,4 m.kr. laun og launatengd gjöld og 27,4 m.kr. annar rekstrarkostnaður. Stærstu einingar þessa málflokks eru bókasafnið, Kötlusetur og Regnboginn. Rekstri bókasafns verður tímabundið hætt á árinu 2023 vegna breytinga sem verða á húsnæðinu að Ránarbraut 1 þar sem það hefur verið til húsa. Bókakosti safnsins verður komið í geymslu en stefnt er að því að það opni að nýju í húsnæði skólans þegar það verður endurskipulagt árið 2024.

Æskulýðs og íþróttamál

Til æskulýðs og íþróttamála heyra leikjanámskeið, félagsmiðstöð, og íþróttamiðstöð. Gert er ráð fyrir að verja til þessa málaflokks 100 m.kr. Þar af eru 53 m.kr. laun og launatengd gjöld og 47 m.kr. annar rekstrarkostnaður. Mest fjármagn fer til rekstrar íþróttamiðstöðvarinnar. Sveitarfélagið stefnir að því að hefja byggingu nýrrar líkamsræktar á árinu 2023 sem mun hafa talsverð áhrif á núverandi rekstur. Kanna þarf mögulegar leiðir í rekstri nýrrar líkamsræktar, t.d. með samningum við einkaaðila. Gert er ráð fyrir fjármagni í stöðu æskulýðs- og tómstundafulltrúa með það að augnamiði að efla enn frekar það góða starf sem skipulagt hefur verið af sveitarfélaginu og félagasamtökum, s.s. Umf Köttlu.



Brunamál og almannavarnir

Til málflokksins er áætlað að fari um samtals 50,5 m. kr. Þar af eru 29,5 m.kr. laun og launatengd gjöld og 21 m.kr. annar rekstrarkostnaður og fer stærstur hluti til rekstur slökkviliðsins. Í dag eru tvö 30% föst stöðugildi þ.e. slökkviliðsstjóri og vara slökkviliðstóri, ásamt þeim ganga að auki 3 varðstjórar bakvaktir. Heilt yfir er liðið vel búíð tækjum og gengið verður frá kaupum á nýjum tækjabíl á árinu 2023. Ljóst er að slökkvistöðin er barn síns tíma og aðstaða þar ekki í samræmi við reglugerðir og því er stefnt að byggingu nýrrar slökkvistöðvar á árinu 2024.

Miðað við stærð sveitarfélagsins er óvenju mikið af stórum byggingum og ljóst að það þarf öflugt slökkvilið til að ráða við bruna ef til þess kemur. Það er mikilvægt að geta slökkviliðsins sé höfð í huga við úthlutun byggingarleyfa stórra húsa.

Hreinlætismál

Þessi málaflokkur fer sífellt stækkandi og fyrir séð að á næstu árum mun kostnaður við hann aukast. Mýrdalshreppur er með samning við Ögmund Ólafsson ehf. um úrgangshirðu og umsjón móttökustöðvar. Við heimili er tekið bæði blandaður heimilisúrgangur, plast, pappír og lífrænn úrgangur. Flokkaður úrgangur er fluttur á Selfoss þar sem Íslenska gámafélagið tekur við honum til endurnýtingar en blandaður heimilisúrgangur er urðaður á Skógasandi. Mýrdalshreppur er aðili að byggðasamlaginu Hulu með Skaftárhreppi og Rangárþingi eystra. Hlutverk Hulu er að reka urðunarstaðinn á Skógasandi. Í lögum um meðhöndlun úrgangs kemur fram hvernig standa eigi að stjórnun úrgangsmála héraendis. Umfangsmiklar breytingar urðu að lögum í júní 2021 ásamt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og lögum um úrvinnslugjald. Þessar breytingar koma flestar til framkvæmda 1. janúar 2023 og er ætlað að skapa skilyrði fyrir myndun hringrásarhagkerfis svo stuðla megi að sjálfbærri auðlindanotkun og draga úr myndun úrgangs. Mýrdalshreppur uppfyllir nú þegar hluta af lögum en frá 1. Janúar 2023 skal innheimta eftir magni og tegund úrgangs frá hverri fasteignaeiningu. Þetta krefst aukins tækjabúnaðar og breyttra vinnubragða. Gert er ráð fyrir fjármunum í fjárhagsáætlun til að ráðast í mótun umhverfisstefnu fyrir Mýrdalshrepps en niðurstöður þeirrar vinnu kunna að hafa áhrif á fjárfestingaáætlanir sveitarfélagsins.

Gert er ráð fyrir í áætlun að til reksturs þessa málflokks fari 10,8 m.kr. að frádregnum tekjum. Það er því ljóst að langt er í land með að málaflokkurinn standi undir sér eins og ætlað er með B hluta fyrirtæki.



Bygginga og skipulagsmál

Í fjárhagsáætlun 2022 er gert ráð fyrir að setja 37,9 m. kr. til málflokksins. Þar af eru laun og launatengd gjöld 20,5 m.kr. og annar rekstrarkostnaður 17,4 m.kr. Stefnt er að því að ljúka endurskoðun Aðalskipulags Mýrdalshrepp í upphafi árs 2023. Áfram verður haldið að deiliskipuleggja þéttbýlið í Vík með markvissum hætti. Á síðastliðnu ári hefur markvisst verið unnið að því að hnitsetja lóðir og skanna inn teikningar af byggingum, sem er grunnur að því að bæta rafræna þjónustu við íbúa. Áfram verður unnið að þessu verkefni á árinu 2023.

Umferðar og samgöngumál

Framlag í áætlun 2022 til umferðar- og samgöngumála er 16,4 m. kr. Undir þennan málflokk fellur viðhald gatna og gangstíga, götulýsing, snjómokstur og merkingar gatna og stíga. Áfram skal vinna að því að gera gangbrautir sýnilegri og gera við kanta þar við gangbrautar þar sem þörf er á.

Umhverfismál

Í þennan málflokk er gert ráð fyrir að setja 15,6 m.kr. Að stærstum hluta undir þessum málaflokki er kostnaður við slátt og hriðingu opinna svæða. Mikil áhersla er lögð á að halda opnum svæðum snyrtilegum og vel hirtum. Undanfarin ár hefur verið unnið að því að endurbæta opin svæði og lýsa þau upp en til þess að þessar framkvæmdir nýtist almenningi þarf að halda þeim aðgengilegum og snyrtilegum.

Atvinnumál

Undir þennan málflokk falla m.a. fjallskil og Katla Jarðvangur. Gert er ráð fyrir að verja 8,5 m.kr. í málaflokkinn og þar munar mestu um áætlaðan 4,5 m.kr. styrk til Kötlu jarðvangs. Ekki liggur fyrir fjárhagsáætlun fyrir jarðvanginn á næsta ári og nokkur óvissa ríkir um rekstur hans í ljósi þess að engar aðrar tekjur koma til nema frá aðildarsveitarfélögunum.

Sameiginlegur kostnaður

Ráðhús Mýrdalshrepps er stoðdeild sem leysir af hendi verkefni á fjármálasviði, þjónustu – og þróunarsviði og sinnir ráðgjöf um málefni persónuverndar, mannauðsmála og skjalamála. Gert er ráð fyrir að verja 108,3 m.kr. til málaflokksins á árinu 2023 og þar af eru 67,4 m.kr. laun og launatengd gjöld og 40,9 m.kr. annar rekstrarkostnaður.

Núverandi ráðhús er orðið of lítið og stendur fjölgun starfsmanna fyrir þrifum. Horfa þarf til framtíðar og kortleggja á árinu 2023 hvaða leiðir eru færar til þess að aðstaða ráðhúss verði aðlaðandi svo að sveitarfélagið sé samkeppnishæft um nýtt starfsfólk.



M.a. annarra liða sem falla undir þennan málflokk eru: Sveitarstjórn, ungmennaráð og endurskoðun.

Eignasjóður

Eignasjóður er A-hluta stofnun sem leigir út varanlega rekstrarfjármuni til stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins samkvæmt óskum þeirra og þörfum. Hann innheimtir leigu (svonefnda innri leigu) í samræmi við raunverulegan kostnað sem viðkomandi fjárfesting ber með sér yfir lengri tíma. Til slíks kostnaðar teljast fjármagnskostnaður vegna viðkomandi rekstrarfjármuna, afskriftir, skattar og tryggingar og viðhaldskostnaður, auk eðlilegrar þóknunar eignasjóðs fyrir umsýslu.

Á undanförunum árum hefur jafnt og þétt verið unnið að endurbótum á fasteignum sveitarfélagsins og framhald verður á þeirri vinnu, m.a. með viðhaldi á húsnæði Víkurskóla og viðgerðum á ytra byrði Leikskála.

Framkvæmdaáætlun 2023

Alls er gert ráð fyrir fjárfestingum að upphæð 843 m.kr. á árinu 2023 í neðangreind verkefni. Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir lántöku að upphæð 300 m.kr. árið 2023 og 350 m.kr. árið 2024.

Gatnagerð

Verkefni	Lýsing
Króktún 3-11	Malbikun og frágangur
Mánabraut 26-32	Burðarlag
Ný vegtenging við bílastæði í hropi	Burðarlag
Víkurbraut 10-14	Malbikun og frágangur
	Lýsing
Verkefni	Lýsing
Króktún 3-11	Led ljósastaurar
Mylluland 1-9	
Austurvegur 19-27	
Mánabraut 2-14	



Viðhaldsverkefni

Verkefni	Lýsing
Sundlaug	Ný varmadæla
Leikskálar	Viðgerð á ytra byrði
Víkurskóli	Viðgerð á tartanleikvelli
Víkurskóli	Gluggar og salerni
Íþróttavöllur	Viðgerð á vallarhúsi

Vatns- og fráveita

Verkefni	Lýsing
Króktún 3-11	Skólp- og regnvatnskerfi
Króktún 3-11	Vatnsveitukerfi
Víkurbraut 2-6	Skólp- og regnvatnskerfi

Gangstéttar og göngustígar

Verkefni	Lýsing
Króktún 3-11	Steypt gangstétt
Mánabraut 2-14	
Víkurbraut 2-6	
Víkurbraut að Ránarbraut 1	
Hátún 6-8	
Syngjandi, ofan við brú	Ecoraster plastmottur og lýsing
Frá kirkju að kirkjugarði	
Frá Bakkabraut að vegi upp Reynisfjall	



Nýframkvæmdir og fjárfestingar

Verkefni	Lýsing
Leikskóli	Bygging nýs leikskóla
Líkamsrækt	Ný líkamsrækt sunnan við sundlaug
Reynisfjall	Útsýnispallur í hlíðum Reynisfjalls
Sléttuvegur	Kaup á tveimur íbúðum
Leiguíbúðir	Stofnframlög til byggingar nýrra leiguíbúða
Slökkvilið	Kaup á nýjum tækjabíl
Hreystibraut	Frágangur
Sjóvarnir	Flóðvarnargarður austan við sandfangara

